




# Lífgeislar

Tímarit um lífsambönd við aðrar stjörnur

15. tbl. Des. 1977



Lífið er þáttur í tilraun til að koma fullkomnu skipulagi á hið líflausa efni, sem stjörnur eru af gerðar.

Helgi Pjeturss



# Krabbapokan í Nautsmerki

(Sjá forsíðumynd)

Sá atburður gerðist árið 1054 eftir Kristsburð, að kínverskir stjörnufræðingar veittu athygli nýrri stjörnu í Nautsmerki. Var birta hennar svo mikil um tíma, að engar stjörnur aðrar komust þar til samjafnaðar.

Þarna gerðist sá fágæti viðburður, að sólstjarna sprakk og tættist í sundur. Slík sólsprenging er kölluð *supernova* og í okkar vetrarbraut, mun slíkur atburður gerast á nokkur hundruð ára millibili.

Leifar þessarar miklu sólsprengingar má enn sjá í stjörnumerkinu Nautinu. Þar er gasþoka mikil, sem stöðugt þenst út með meira en 1000 km hraða á sekúndu hverri. Krabbapokan er í 6000 ljósára fjarlægð frá okkar sólhverfi. Atburður þessi hefur því raunverulega gerst fyrir tæpum 7000 árum, og þegar Kínverjarnir sáu hina nýju stjörnu, hafði sprenging þessi hin mikla gerst 6000 árum áður. Það tók ljósið um 6000 ár að bera þessi boð hingað til jarðar. Og ljósið heldur áfram að bera þessi boð út frá sprengingarstaðnum í allar áttir. 925 ár eru liðin, síðan þessi vitneskja barst hingað til jarðar okkar, og mannkyn, sem heima eiga á jarðstjörnum í gagnstæðri átt, í 925 ljósára fjarlægð héðan, munu um þessar mundir vera um það bil, að verða vör við þennan mikla viðburð.

Fjarlægðir geimsins eru slíkar, að þótt ljósgeislinn fari með 300.000 km hraða á sekúndu hverri (um 8 mín. frá sól til jarðar, og um 1 sekúnda milli jarðar og tungls), þá tekur það ljósið hundruð og þúsundir ára að komast milli tiltölulega nálægra sólhverfa.

Þessu til staðfestingar má geta þess, að það tekur ljósið 100 þúsund ár að komast um endilanga vetrarbraut okkar, og milljónir ára að komast milli flestra nálægra vetrarbrauta.

Krabbapokan er leifar þeirrar sólstjörnu, sem sprakk í tætlur fyrir tæpum 7000 árum. Ógnarleg sprenging hefur þar gerst, og hörmuleg heimsslit hafa orðið í öllu því sólhverfi, því hafi líf og e. t. v. mannlíf þróast á einhverri reikistjörnu þeirrar sólar, þá hlýtur það að hafa tortímst í eldi á því andartaki, sem sú sól hefur blossað upp. Og ekki væri út í bláinn að ætla, að ill stefna lífsins í því sólhverfi hafi átt sinn þátt í þeim Ragnarökum, sem þarna hafa gerst, því framvinda lífsins til ills eða góðs mun áhrif hafa á allt efni í umhverfi sínu. Og örlög mannkynja hljóta að velta á því, hvorri stefnunni er fylgt.

*Ingvar Agnarsson.*

# Erindi og greinar

## SUM GEDVEIKI ER SAMBANDSVEIKI

### ÚR NÝAL

Helgi Pjeturss segir í Nýal bls. 20: „Menn munu, þegar þeir þekkja þau lögmál, sem koma til greina, gefa nákvæmar gætur að því hvernig sambönd þeir fá sjálfir eftir miðilssamkomur, eða með öðrum orðum hvernig svefnvitund þeirra verður, hvað þá dreymir. Munu menn, þegar vel vegnar, geta fengið vitsamband við mjög merkilegar verur á öðrum hnöttum. Menn hafa kallað slíkt „astral travelling“, ferðir á stjörnuviðinu, og er nafnið mun réttara en sú þýðing sem í það hefir verið lögð, því „astral-plan“, stjörnu-sviðið, þýðir ekki í dulfræðum lífheim annara hnatta. Hafa menn haldið, og halda að þeir „fari úr líkamanum“ sem þeir kalla og væru þá á ferð á öðrum tilverusviðum („Astralplan“ samsvarar að miklu leyti því sem Swedenborg kallaði andabeim, mundus spirituum).

En það sem menn hafa haldið sína eigin sál, er hafi yfirgefið líkamann, sé á ferð í andabeymi, er í raun réttari annar maður, sem aðra stjörnu byggir, og menn verða samvita við í svefni þannig að þeim finnst þeir sjálfir vera þessi annar maður; fer þeim líkt og hinum svafða, sem segir: því er verið að láta salt upp í mig, þó að það sé alls ekki hans tunga sem saltið kemur á, heldur tunga svafnisins; hinn svafði er orðinn samvita eða samsála öðrum manni. Það er engin furða þó að mönnum verði ógreitt að átta sig á þessu, meðan þeir ástunda ekki að læra að athuga slíkt sjálfir. En þegar menn hafa áttað sig á þessu, þegar þeim er orðið ljóst að það á sér stað sem ég nefni bioinduktion, að einn líkami getur magnast af annars sál, svo að þeir verði samsála, sama „jegid“ í báðum, þá munu þeir sjá, hvernig vísindunum opnast svæði sem menn hafa haldið að engum vísindum yrði yfir komið. Mun hver upp-götunin reka aðra, og hver annari þýðingarmeiri fyrir mannlífið, þegar komið er á þessa leið. Eitt af því sem menn verða þá fljóttir



að skilja er það, hvers eðlis er sú tegund af vitveiki, sem kölluð er paranoia. Ímyndanir hins ruglaða eru nokkurskonar draumar, sem eins og allir draumar, stafa af sálufélagi við annan mann. Það er nokkurs konar paranoia þegar hinn svafði finnur saltbragð ef salt er látið á tungu annars manns. Og líkt er það með ímyndanir hins vitveika, hann heldur að hann heyri og sjái það sem einhver annar sér og heyrir í raun og veru og þegar vitveikin kemst á hæsta stig, heldur maðurinn að hann sé þessi annar.

Því miður hefir vitveikralækna ekki grunad, hversu merkilegt rannsóknarefni þeir höfðu til meðferðar; hafa þeir, sakir þess hve sálufræðin hefir búið illa í hendurnar á þeim, verið lækna ófróðastir á sínu sviði. En nú mun þetta fara að lagast. Mun þess ekki langt að bíða að byrjad verði að færa sér í nyt þær athuganir sem jeg hefi gert og fleiri munu nú verða til að gera. Og sambandsfræðin eða magnanarfræðin, mun líka kenna lækningaræfðina. Þörfin á framförum í þessum efnum er mikil, því brjálsemin, einmitt sú tegund sem paranoia er kölluð, mun aldrei hafa orðið jafn algeng á jörðu hér og á þessum tíma.

Nýall bls. 291. Afar eftirtektarverðar eru tilraunir Turveys (Hann var verkfræðingur að menntun vandvirkur og gerhugull, og eru athuganir þær, sem hann segir fá í bók sinni *The Beginnings of Seership*, vottfestar mjög), er hann lá í rúmi sínu, eða hallaðist aftur í hægindastól, og gat, af munni annars, talað við fólk sem var að halda miðilssamkomu í 4 (enskra) mílna fjarlægð (on several occasions — segir Turvey (*Beginnings* s. 54), — „I have controlled a medium, and introduced myself though his organism to people present, and have carried on a conversation with them). Það sem gerðist var þetta: Miðillinn sofnaði, eins og vanalega. Og eftir dálitla stund fer hann að tala uppúr svefninum. Og þá talar hann ekki af sinni eigin meðvitund, heldur eins og meðvitund annars manns sé komin fram í honum, meðvitund Turveys, manns sem nú einmitt var að reyna að framleiða í miðlinum sína meðvitund, þó að hann væri í 4 mílna fjarlægð. Þegar samskonar fyrirburðir hafa gerst, maður sofnar miðilssvefni á samkomu og farið síðan að tala eins og önnur meðvitund væri komin í hann, þá hafa sumir haldið, að miðillinn væri að leika, aðrir að líkamalaus andi framliðins væri farinn í hann, og enn aðrir, að það væri undirvitund miðilsins, þetta asylum ignorantiae eða athvarf fáfræðinnar er þeir kalla undirvitund, sem komið væri fram í honum.



*Stórmerkilegar eru þessar tilraunir Turveys, en þó ekkert dularfullt það sem gerist. Rannsóknir Kilners og Kotíks hafa sýnt, að líkaminn geislar frá sér orku, sem hagar sér líkt og rafmagn. Og tilraunir Turveys leiða þetta enn frekar í ljós. Eins og Marconi-stöð framleiðir sitt rafmagnsástand í annari, þannig framleiðir heila- og taugaástand Turveys í heila og taugum annars manns, og það þó í fjarlægð sé. Miðillinn talaði eins og hann væri Turvey: meðvitund Turveys um, að hann væri hann sjálfur, var komin fram í miðlinum, í staðinn fyrir hans eigin meðvitund um sjálfan sig. Væri hann beðinn að skrifa nafn sitt, þá skrifaði hann nafn Turveys, mjög líkt því sem Turvey hefði sjálfur gert. Þetta sýnir hversu nákvæmlega einnig taugastjórn eða innervation Turveys var komin fram í miðlinum. Hann hóstaði eins og Turvey, og fann til þar sem Turvey kendi verkjar. Menn munu finna, þegar þeir fara að rannsaka nógu vel, að þessi atbugun sem síðast var vikið á skýrir hvernig stendur á því, sem menn kalla hysterískar þjáningar.“*

*Dr. Helgi Pjeturss.*

#### SUM GEDVEIKI ER SAMBANDSVEIKI

Nú hafið þið lesið framangreinda ritgerð, vonandi með eftirtekt, svo að þið skiljið rétt ritgerðina sem kemur hér á eftir, um veikindi mín sem ég átti við að stríða haustið 1976. Ég kalla þessa tegund vitveiki „sambandsveiki“. Hámark hennar var þegar ég talaði sem Ríkarður ljónshjarta fyrrum konugur Englands. En vegna vitneskju minnar sem Nýalssinna, vissi ég að þetta var sambandsástand, að annar maður talaði í gegnum mig. En þess á milli gat ég þó slitið sambandinu og stjórnað sjálfur mínum talfrum, en það gerði ég ekki þegar Ríkarður talaði. Líklegt þykir mér, að ég hefði getað spyrnt á móti áhrifum frá stjórnanda, ef viljinn hefði verið nógsamlega mikill til þess. En vantrú læknisins um miðilsástand mitt gerði það að verkum, að ég vildi sannfæra hann um, að ég færi með rétt mál og sleppti ég þessu alveg lausu. En ég virtist ekki gera mér grein fyrir hvað þetta var mér í óhag vegna skilningsleysis hans og annarra þeirra lækna, sem komu þar við sögu.

Ég er Nýalssinni og stofnaði, ásamt öðrum, Félag Nýalssinna á Akureyri þann 15. nóvember 1975. Miðla höfðum við enga, en við tilraunir kom í ljós, að ég hafði einhverja hæfileika til að bera, sem gætu gert mig að miðli sem og flesta aðra. Ég fór að þjálfra mig með því að halda miðilstilraunafundi, og einnig



fór ég að æfa mig að skrifa ósjálfrátt (En það getur oft á tíðum verið hættulegt að skrifa ósjálfrátt vegna þess að sambandsmaðurinn getur náð svo sterkum tókum á manningnum). Það gekk ekki í fyrstu. Ég skrifaði reyndar, en það var bara strik og krass. En smámsaman fór að koma eitt og eitt orð. Einhverja mögnun hefi ég fengið við þessar tilraunir, því yngsti sonur minn fór að biðja mig að halda í höndina á sér. Hann sagðist fá svo góðan straum frá mér, sem gerði honum gott. Hann sagði oft að mögnunin kæmi fram í maganum á sér. Svo var það eitt kvöld þegar ég sat inni í stofu, að Huginn, yngsti sonur minn, biður mig að halda í höndina á sér, sem ég og gerði. Litlu seinna kom Ásgeir eldri sonur minn og bað mig um að halda í höndina á sér líka. Skömmu seinna tek ég eftir því að Ásgeir byrjar að tárast. Ég sleppi þá hendi hans og spyr hvað sé að. Þá segist hann hafa heyrt orðið Páll, en það virtist verka eitthvað illa á hann. En skyndilega finnst mér að ég eigi að skrifa ósjálfrátt, og þá fór ég að skrifa og tala í senn. Þetta var í fyrsta sinnið sem talað var í gegnum mig. En skriftin var illa læsileg og mjög stórgerð. Þegar talað var í gegnum mig, þá notaði ég kokið mikið. Fyrstu orðin sem ég sagði, voru á þessa leið: „Þetta er Ríkarður ljónshjarta“, og endurtók ég það nokkrum sinnum. Eftir þetta fór ég að skrifa ósjálfrátt, þegar ég gaf mér tíma til þess. En á endanum var það mjög oft. Það sem skrifað var í gegnum mig var oft á þá leið að hann (sambandsmaður minn) mundi hjálpa mér við það sem ég var að gera það sinnið. Á þann hátt fékk ég mikið traust á honum. Síðan fór hann að spyrja mig, hvort ég vildi ekki verða lífgeislalæknir. Þá varð mér að orði að segja, að svona vitleysu ætti hann ekki að fara með, þar sem ég hefði enga hæfileika til þess. Þessu svaraði hann á þessa leið: „Þú hélzt einu sinni að þú mundir aldrei geta skrifað ósjálfrátt, en það geturðu núna“. Ég hafði oft í nokkur ár reynt þetta, en penninn strikaði bara og krassaði svo ég hætti að reyna, en byrjaði svo aftur sem að framan greinir. En fyrir mörgum árum var sagt í andaglassi, að ég ætti eftir að skrifa ósjálfrátt. Smám saman tókst honum að telja mér trú um, að það væri mögulegt að gera mig að lífgeislalækni. Að síðustu varð ég sólginn í að skrifa ósjálfrátt, en beitti til þess fingrunum, og stafaði í huganum það sem skrifað var.

Um það bil hálfum mánuði áður en ég var sendur á spítalann fór kona mín að taka eftir því, að ég var annars hugar. Þá bar ég oft með hægri höndina í vasanum, og var að stafa það sem



skrifað var. og tók þá ekki eftir hvað hún var að segja oft og tíðum.

Ég hef alltaf verið fremur ör í skapi að eðlisfari, en síðustu vikuna fyrir spítalavistina var ég orðinn mjög rólegur og það var nærri því ekki hægt að koma mér úr jafnvægi. Venjulega hafði ég ekki haft þolinmæði til að tala krakkana til, ef þau voru eitthvað örg, en á þessum tíma þurfti ég ekki að skamma þau. Ef ég ætlaði eitthvað að æsa mig upp, þá sagði Ríkarður við mig: „Vertu rólegur Bubbi minn, ekki að æsa þig upp“. Þetta skrifaði hann nokkrum sinnum gegnum mig, og honum tókst alltaf að stilla mig.

Tvær síðustu næturnar voru hryllilegar, en áður en það kom til, þá skrifaði hann: Nú ferð þú upp á sjúkrahús og lætur skoða þig. Ég sagði náttúrlega: Nei, því ég hef ekkert þangað að gera. Þá skrifaði hann: Þú skalt fara þangað samt, og Gunnar Rafn læknir mun aðstoða þig. Ég skildi ekkert í þessu, en sagðist ekkert fara.

Áður en ég held áfram verð ég að taka fram, að hræðslugjarn maður hef ég aldrei verið, og á mínum yngri árum var ég kallaður Bubbi kaldi af félögum mínum. Þetta skrifa ég til þess að þið skiljið það álag sem var lagt á mig þessar tvær nætur. Ég vil helzt orða það þannig að ég hafi verið heilapveginn.

Það byrjaði þannig, að mér fannst ég vera rekinn fram úr rúminu mínu og inn í stofu til að skrifa ósjálfrátt. Ég held að klukkan hafi verið milli tólf og eitt. Ég fer fram úr og inn í stofu og fer að skrifa ósjálfrátt. Þegar ég hefi skrifað stutta stund, þá verð ég allt í einu var við, að ég skynja orðin áður en ég skrifa þau. Svo skynja ég að hann segir: „Þú þarft ekki að skrifa meira, því þú heyrir til mín. Þá verð ég var við að ég skynja allt sem ég skrifa, og þá hætti ég að skrifa. Þá heyri ég að hann segir: „Þú skynjar allt sem ég vil segja við þig, því sambandið er orðið svo gott á milli okkar“. Síðan segir hann mér að fara upp í rúm og geri ég það.

Ég ætla ekki að fara að rekja allt sem hann sagði við mig, bæði vegna þess að það tæki mikið pláss og einnig af því að ég man það ekki allt. Hann byrjaði að telja mér trú um, að ég væri vondur maður; honum tókst það ekki í fyrstu, en svo smám saman tókst honum það. Hann talaði stanzlaust þó að ég reyndi að hlusta ekki á það sem hann sagði, en það tókst ekki. Og enn síður gat ég sofið. Hann hótaði meðal annars að gera fjölskyldu minni allt til miska það sem hann gæti. Þannig talaði hann um smátt og stórt



og einnig það að ég mundi ekki geta gert þetta eða hitt, ef ég hlýddi sér ekki. Eftir þessa fyrstu nótt var ég orðinn svo hræddur, að ég vissi ekki, hvað ég ætti að gera til að losna við þetta samband. Ekki vakti ég konu mína, en fór oft fram úr til að reyna að losna við þetta samband. Á endanum sagði ég meðal annars við hann, að honum skyldi aldrei takast að gera mig að verri manni en ég væri. En aftur á móti ætlaði ég að berjast á móti honum og öllu því illa eftir því sem ég mögulega gæti. Þannig gekk þessi nótt framundir morgun. Að lokum sofnaði ég og vaknaði til vinnu kl. 6.45. Þá hafði ég sofið í einn til tvo klukkutíma.

Daginn á eftir gekk allt ágætlega, nema að því leyti að ég heyrði alltaf í honum og var undir áhrifum frá honum að nokkru leyti. Ég svaraði ekki alltaf vinnufélögunum þegar þeir yrðu á mig. Sambandsmaður minn meinaði mér það, og ég hlýddi. Þannig gekk þessi dagur nokkuð slysalaust. Síðan kom nóttin á sama hátt og fyrri nóttin, að því viðbættu að hann fer að hafa áhrif á líkamshluta mína og var það einkennileg tilfinning. Skýri ég það ekki nánar. Ég sofnaði ekki fyrr en undir morgun þessa nótt sem hina. Ég mæti í vinnu daginn eftir og allt gekk vel fram yfir hádegi. Þá fer ég að gera einkennilega hluti.

Það byrjaði þannig að ég ætlaði að leggja á bor og geri það. Ég legg borinn á öðrumegin og síðan byrja ég á hinni hliðinni, en þá finn ég, að ég hef ekki stjórn á hendinni. Hún vill leitast við að beita bornum öðru vísi en á að gera. Þá segir sambandsmaður minn við mig: Vertu rólegur, og sjáðu hvernig borinn verður. Ég leyfi honum að stjórna hendi minni og fannst mér það einkennileg tilfinning. Eitthvað hefur einum vinnufélaga mínum, sem er rennismiður, fundizt ég beita bornum einkennilega við brýnslu og vildi sýna mér hvernig ætti að gera. En ég var höstugur, og með það fór hann. Skömmu síðar sagði „Ríkarð“ mér að skoða borinn. Hann var þverslípaður, og ekki nokkur leið að nota hann. Þá segir hann við mig: „Það verður alveg sama hvað oft þú reynir að slípa borinn, hann verður alltaf mjög vel slípaður öðru megin, en hinu megin verður hann alltaf ómögulegur. Ég margreyndi, en allt fór á sama veg, því ég réði ekki yfir hendi minni lengur (Þetta er líkt og við dáleiðslu). Að lokum gafst ég upp við að brýna borinn, og gekk frá smergelinu og framhjá stórri borvél, sem er á miðju gólfi. Þá segir hann mér að setja borinn í borvélina, en ég neita því, og segi: „Það er ekki hægt að nota



borinn eins og hann er.“ „Gerðu eins og ég segi“, skipar hann. Ég er eins og viljalaust verkfæri og set borinn í vélina. En þegar ég ætla að herða patrónuna að bornum, þá rekst lykillinn alltaf einhversstaðar í, svo að ég get ekki skrúfað, hvernig sem ég reyni. Fingurnir og öll höndin sem ég er að reyna að skrúfa með, eru orðin svo stíf, að mér finnst ég ekki geta beitt þeim rétt. Að lokum heppnaðist mér að herða patrónuna að bornum, en þá segir hann mér að setja borvélina í gang, og ég geri það. Síðan segir hann mér að grípa utan um patrónuna (sem er á fullri ferð), sem ég geri, en ég gat ekki fundið, að hún snérist í hendi minni, þó að borinn snérist. Síðan finn ég að líkami minn er orðinn eitt-hvað einkennilegur; ég virðist ekki hafa stjórn á honum. Mér finnst ég hallast eitthvað, en get ekkert við því gert, vegna þess að ég stífna allur upp og get mig ekki hreyft eða sagt eitt einasta orð. Ég sá útundan mér, að það er komið töluvert af fólki sem er að horfa á mig, því ég hef örugglega komið þeim furðulega fyrir sjónir. En svo heyri ég allt í einu sagt við mig: „Parna sérðu. Þú átt ekki að grufla í svona málum. Ég er guð og ég ræð öllu, enda finnur þú hve mikið vald ég hef á þér og þú verður að hlýða mér í öllu, sem ég segi þér. Við að heyra þetta verð ég ofsahræddur og segi já í huganum. En hann heldur áfram og segir: „Ég rugla alla í trúmálum — þessvegna eru trúarbrögðin svona mörg, Nýals-sinnar og sálarrannsóknafélagið hafa ekkert réttara fyrir sér en aðrir trúflokkar. Ég sem guð vil ekki að neinn viti um þessi mál, og þú átt að hætta að hugsa um þessi mál. Á meðan á þessu stóð, fannst mér allt rétt sem hann sagði og jánkadi öllu. Það var eins og ég gæti ekki hugsað neitt meðan á þessu stóð. En ég losnaði út úr þessu, og gekk út til að jafna mig. Síðan geng ég niður í fjöru, sem er norðan við Slippstöðvarhúsið. Á meðan ég var við borvélina komu nokkrir vinnufélagar mínir ásamt verkstjóra, og reyndu að tala við mig, en ég svaraði ekki. Eftir að ég var kominn niður í fjöru, sagði hann (í sambandinu) mér að bíða við húsvegginn, því að eitthvað mundi gerast. Skömmu síðar komu verkstjórinn og flokksstjórinn til mín og spurðu hvort ég væri ekki veikur, en ég svaraði því til, að það væri eitthvað að gerast innra með mér. Þá spurðu þeir mig, hvort þeir ættu ekki að keyra mig heim, þar sem ég væri veikur, og taldi ég það í lagi. Fórum við síðan að vesturdyrum hússins. Þá var „Ríkarð“ alltaf að segja mér að snúa við og fara ekki með þeim, en segja við þá að ég skyldi koma kl. 15.30 (þá var klukkan nálægt þrjú). Þetta sagði



ég við þá þegar við komum að dyrunum. Þeir létu það gott heita, og ég sneri við. En „Ríkarð“ sagði þá við mig, að klukkan 15.30 ætti eitthvað að gerast, og skildist mér þá að hann ætlaði að láta mig svífa. Á þessum ákveðna tíma lagði ég af stað frá fjörunni eftir skipun stjórnandans. Þegar ég var kominn að suðurdyrum hússins, segir hann mér að stanza og svara engum, þó að á mig yrði yrt. Það voru nokkrir sem gerðu það, en ég svaraði ekki. Enn taldi hann mér trú um, að ég gæti svifið og að það yrði fyrir framan húsið.

Þegar flestallir voru komni upp í kaffistofu, þá sagði hann mér að fara þangað líka og gerði ég það. Þar fékk ég mér vatnsglas og fór síðan að krananum og lét renna vatn í glasið. Þá sagði sambandsmaður minn mér að hella vatninu á borðið, en ég reyndi að spyrna á móti því, og það tókst. Þá heyrði ég að verkstjórinn minn sagði, að nú væri nóg komið af svo góðu og gekk til mín. Þá skipaði „Ríkarð“ mér að taka á móti honum, en mér tókst að aftra því, en lyfti þó upp handleggnum ósjálfrátt. Verkstjórinn keyrði mig heim. Eftir það varð ég eðlilegur aftur, og leið mér mjög vel að geta ráðið mér sjálfur, en ég heyrði samt alltaf í honum. Hann sagði seinna um kvöldið, að dagurinn á eftir yrði ágætur fram að hádegi, en síðan mundi þetta byrja aftur og miklu verri.

Læknirinn kom að mig minnir rúmlega átta um kvöldið. Hann kvaðst hafa verið beðinn um að hafa tal af mér, þar sem ég væri ekki vel frískur. Við settumst við eldhúsborðið og ég reyndi að skýra þetta fyrir honum, en hann hlustaði. Ég sagði meðal annars við hann, að það sem að mér væri, væri fast miðilssamband. En hann trúði mér ekki, eins og eðlilegt er af mönnum sem ekki þekkja til þessara hluta, þ. e. að tvíklöfnun hugans er ekkert annað en sambandsástand. Við skilningsleysi hans ætist ég svolítið upp og sagðist ætla að sýna honum ósjálfráða skrift. En það sem ég skrifaði þá, var ólæsilegt. En einmitt við þetta fór ég í miðilssamband og var vakandi og vissi allt sem ég sagði. „Ríkarð“ fór að tala í gegnum mig, en öðruhvoru tókst mér að tala frá sjálfum mér. Læknirinn spurði mig hvort hann mætti hringja, og gat ég svarað því játandi. Skömmu seinna fór hann. Litlu seinna kom annar læknir, Gunnar Rafn, og var hann hjá mér þangað til Brynjólfur sálfræðingur kom. Þá var „Ríkarð“ búinn að segja ýmislegt og meðal annars frá persónulífi mínu, og ég talaði hátt á íslenzku og sænsku, meðal annars um að ég yrði mikill lífgeisla-



læknir. Gunnar Rafn talaði mikið við mig, bæði meðan ég var í sambandinu og einnig eftir að sambandinu var slitið. Hann vildi sprauta mig, en ég ekki, og töluðum við lengi um það. Ég var þá orðinn eðlilegur, en þó svolítið æstur vegna áreynslunnar í miðilssambandinu. Ég var sprautaður og sendur á Almenna sjúkrahúsið. Ég náði mér nokkuð fljótt, og eftir tvær vikur var ég kominn heim.

Það er dálítið eftirtektarvert, að alltaf þegar Jóhannes Baldvinsson reyndi að tala við mig niðri í Slipp, þá svaraði ég honum alltaf, þó að ég svaraði ekki öðrum (Hann er Nýalssinni).

Að lokum vil ég segja, að sá sem ber einhverja sannleiksást í brjósti, kastar þessu ekki frá sér að órannsökuðu máli.

*Þorbjörn Asgeirsson, Akureyri.*

## LÍFGEISLASAMBAND

Dr. Helgi Pjeturss komst að þeirri niðurstöðu, með rannsóknum sínum, að hver einstaklingur leiti draumsambands við annan einstakling sér líkum að viti og þroska. Sá sem dreymir nefnist draumþegi. Og sá er draumþegi hefur samband við nefnist draumgjafi. Þegar draumþegi sefur og hvílist, þá er hann samvita með draumgjafa, þ. e. upplifir það sem draumgjafi gerir eða reynir í vöku. Þetta vita þeir, sem lesið hafa og fræðst um í ritum Dr. Helga.

En hvaðan fáum við þá orku er okkur mun nauðsynleg til að lifa og starfa með? Er ekki líklegast að draumþegi og draumgjafi skiptist á lífgeislan í sambandi þeirra á milli. Það er: Sú lífgeislan, sem draumgjafi notar í vöku, fari til draumþega. Svo aftur þegar draumþegi vaknar, og gerist draumgjafi, þá fer sú lífgeislan frá honum til þess, er hefur draumsamband við hann. Og þannig koll af kalli. Og því meiri sem þroskinn er, því meiri lífgeislan hafa draumvínir sín á milli og sambandið skýrara.

*Pétur Kúld Eysteinnsson.*



## HULDUKONURNAR

### I.

Sumarið 1938 vann ég í síldarverksmiðjunni á Djúpavík í Reykjarfirði, og Aðalheiður Tómasdóttir, sem síðar varð kona mín, vann við síldarsöltunina á sama stað.

Við vorum þarna við vinnu fram á haustið, eftir að flest aðkomufólk var farið suður.

Einn sunnudag um haustið var indælt veður, logn og sólskin og fremur hlýtt. Við gengum upp á fjallið fyrir ofan Djúpuvík. Þar eru hvammar nokkrir í brún fjallsins innan við fossinn í Djúpuvíkurá, þar sem hann steypist fram af háum klettum, beint upp af verksmiðjunni. Við gengum upp þessa hvamma, uns við vorum komin upp á hálendið, þar sem Háafell blasir við í suðri. Þarna uppi eru aflöng holt og klappir og lægðir á milli með nokkrum hálendisgróðri. Við gengum í norður eftir sléttum rimum á milli þessara lægða.

### II.

Skal nú sagt frá því, er fyrir okkur bar, þarna uppi á fjallinu. Við gengum eftir melás einum, en á vinstri hönd var lægð eða hvammur með einhverjum gróðri. Okkur verður litið niður í þessa lægð, og sjáum, að þar er hópur af konum, líklega milli tíu og tuttugu alls. Þær bogruðu allar yfir þúfurnar og virtust vera að tína eitthvað. Allar voru þær klæddar á gamla vísu og voru í síðum pilsum, ermalöngum blússum eða treyjum, og það sem athyglisverðast var, allar voru þær með þríhyrnur eða skakka yfir herðunum, eins og eldri konur voru vanar að nota í uppvexti mínum. Litur búninganna var mismunandi og einkum voru þríhyrnurnar marglitar og fagurlitar. Við Heiða sögðum hvort við annað á þessa leið: „Jæja, eru þær þá komnar hingað upp allar konurnar úr Djúpuvík, til að tína ber?“ Okkur fannst þetta ekkert undarlegt. Við höfðum augun á konunum, meðan við gengum framhá þeim, og töluðum um þær og búninga þeirra. Svo bar leiti á milli og þær hurfu okkur. En er við höfðum gengið enn um stund, var eins og við rönkuðum allt í einu við okkur, eða eins og við vöknudum upp af einskonar leiðslu. Við staðnæmdumst og sögðum hvort við annað, undrandi: „Hvað var það sem við sáum? Hér uppi á fjallinu eru engin ber, og fáar konur eru eftir á Djúpuvík. Hvaða konur geta þetta verið? Þetta er undarlegt!“



Við ræddum þetta um stund, og okkur kom til hugar, að snúa aftur og gæta að, hvort konurnar væru enn á sama stað.

En við áráddum ekki að snúa við. Það var eins og einhver geigur læddist að okkur. Við skildum, að þetta gátu ekki verið venjulegar, jarðneskar, mennskar konur.

Við héldum áfram ferð okkar, og komum niður af fjallinu annarsstaðar.

### III.

Oft hefur okkur orðið hugsað til þessarar sýnar síðan. Konurnar á fjallinu virðast hafa verið klæddar á sama hátt og flestar sögur um huldukonur lýsa þeim. En hvað er huldufólk og hvernig á að skilja tilvist þess? Með lífssambandsuppgötvunum dr. Helga Pjeturss mun mega gera sér nokkra grein fyrir því, hvernig þessu er varið, þátt ekki ræði hann um huldufólk í ritum sínum.

Huldufólk mun ekki eiga heima í klettum og hólum, eins og almennt hefur verið álitíð, heldur er hér um að ræða fólk, sem heima á á einhverjum öðrum hnetti. Um aldir höfum við Íslendingar haft mikil sambönd við þetta fólk, sem í rauninni hefur verið sambandsþjóð okkar. Lífshættir þess og menning hefur verið hliðstæð okkar, og þó fremri um sumt. Vegna fjargeislunar hefur þetta fólk stundum getað birst okkur, ýmist í fjarsýn eða jafnvel sem líkamaðar verur í návist okkar. Lífgeislasambönd eru það, sem hér hafa verið að verki og gert það mögulegt að sjá þetta fólk og kynnast því á ýmsan hátt.

Á ótölulegum fjölda jarðstjarna í öðrum sólhverfum alheimsins þróast lífið fram á svipaðan hátt og hér á okkar jörð. Það eru *frumlífshnettir*, eins og okkar reikistjarna er, og fóstura mannkyn, sem sum hver eru á mjög svipuðu þróunar- og þroskastigi og mannkyn okkar jarðar. Einstaklingar þessara mannkynja fæðast af foreldrum, eins og hér gerist og er ævi þeirra lýkur á þeim hnetti líða þeir fram til einhvers *framlífshnattar*, þar sem lífið er samstilltara til ills eða góðs, heldur en er hjá frumlífsmannkynjum.

Frá hverri lífveru stafar geislun, og þessi lífgeislun leitast við að endurskapa þá lífveru, sem hún stafar frá, á öðrum stað, þar sem skylt aflsvæði er fyrir hendi.

Lífssamband á sér stað milli manna, hvort sem þeir eiga heima á sama hnettinum eða hver á sínum hnetti. Fjarsýnir eru því algengar. Draumsýnir eru ævinlega fjarsýnir. Sá sem dreymir, sér með augum vakandi manns. Ófreskir menn sjá sýnir í vakandi ástandi.



Þegar einhver sér huldufólk og álfa þá er það venjulega svo að um fjarsýn er að ræða. Hann sér þetta fólk í hinum raunverulegu heimkynnum þess á öðrum stjörnum. En af því að sjáandinn er vakandi, er honum gefur slíka sýn, sér hann jafnframt og skynjar sitt eigið umhverfi að meira eða minna leyti. Hólar og klettur í eigin umhverfi blandast þá sýninni, svo að hús og heimili „huldufólksins“, sem heima á í órafjarlægð virðist þá renna saman við kletta þá eða hóla, sem eru í nálægð sjáandans. Og vegna þess að sjáandinn er undir sterkum áhrifum eða eins og í hálfgerðri leiðslu meðan sýnin varir, þá sljóvgast gagnrýni hans og sjálfstæð athyglisgáfa.

Ég hef talað við fólk, sem séð hefur huldufólk, og stundum hefur þetta sama fólk séð „álfalandslag“ jafnframt því, sem það skynjaði sitt eigið, venjulega landslag í umhverfi sínu. Slíkt virðist mér benda eindregið til þess, að huldufólkið og hið framandi „álfalandslag“ hafi ekki verið í umhverfi sjáandans, heldur hafi þana verið um fjarsýn að ræða til annars staðar, sem þá að öllum líkindum hefur verið á öðrum hnetti.

Alkunn eru dæmi þess, að fólk telur sig hafa leikið sér við huldubörn, þegar það var í bernsku. Skýring á því mun vera sú, að hið jarðneska barn okkar hefur komist í svo náð lífssamband við „huldubarn“ að því finnst um stund að það sé þetta barn. „Huldubarnið“ er að leika sér við systkini sín og önnur börn í hinum fjarlæga heimkynni sínu, móðir þess gefur því e. t. v. mat hinum börnunum, það hleypur út og inn um húsið heima hjá sér, eins og börnum er títt, hvar í heimi, sem þau eiga heima.

En jarðarbarnið okkar, sem um stund er í einskonar leiðslu eða sambandsástandi, skynjar allt, sem „huldubarnið“ sér eða tekur sér fyrir hendur, og lífssamband þess við „huldubarnið“ er svo sterkt, að því finnst það sjálft vera þetta barn.

Þetta sambandsástand er því hliðstætt draumreynslu, því dreymandanum finnst hann ævinlega sjá og lifa það sem draumgjafinn (þ. e. sá er draumurinn stafar frá) sér og reynir þá stundina.

#### IV.

En svo virðist líka eftir sumum sögnum að dæma, sem álfar hafi stundum birst hér í líkamlegri mynd, og haft samneyti við menn. Þarf slíkt ekki að vera óskiljanlegt eða óútskýranlegt. Er þar um að ræða fyrirbrigði, sem nefna mætti hamfarir, og er í því fólgið, að maður flyst á svipstundu milli fjarlægra staða. Mun sá



ferðamáti algengur vera milli lífsstefnumannkynja víða í alheimi. Enda mun það vera eini möguleikinn til ferðalaga milli hinna dreifðu hnatta algeimsins þar sem fjarlægðir nema tugum og þúsundum ljósára.

Hér á jörð mun fremur lítið hafa verið um slíkar heimsóknir frá öðrum hnöttum, þótt ekki séu þær með öllu ókunnar. Veldur þar mestu, hve samstilling manna er hér lítil, og þessvegna lítið um sterk aflsvæði, sem gera það kleift, að heimsóknir frá öðrum hnöttum geti hér orðið. Þó mun þetta gerast öðru hverju, og sumar sagnir um huldufólk bera því vitni, að um raunverulegar heimsóknir hefur verið að ræða. — Tel ég og alveg víst að huldufólkið, sem svo mikil samskipti hafa verið við á liðnum öldum, séu íbúar einhvers annars hnattar, en eigi alls ekki heima á okkar jörð, þótt svo hafi löngum verið haldið.

*Ingvar Agnarsson,*

*(Birtist áður í Strandapóstinum 1976).*

## SÝN

All oft ber það nú við að ég eigi þess kost að glugga smávegis í líf á hinum ýmsu hnöttum og í flestum tilfellum hefur það notaleg áhrif, þó ekki öllum. Ekki er fólk, sem ég hefi kynnst, komið eins langt tæknilega og við hér á jörð, en ég held að það sé hamingjusamara en við erum, svona yfirleitt.

Ég sá eitt sinn dálítið sem mér þótti furðulegt. Ég stóð á hlaðinu við bæjarhúsið og fór ég þá að sjá allskonar myndir á vesturloftinu og er mér varð svo lítið á útidyrhurðina var í henni ferningur og kom fram á honum sama myndin. Ekki fékk ég neina hugmynd um hvernig þetta var gert, en gaman fannst mér að horfa á þetta, og þó myndin á hurðinni væri miklu minni, naut ég hennar ekki síður, þar sem hún var svo nálægt og mjög skýr.

*Þorbergur Jónsson, Prestsbakkakoti.*



## GEIMSKIP OKKAR — JÖRÐIN

Jörð okkar og við jarðarbúar erum nú þegar á himni í þeirri eðlilegu merkingu, að jörðin og sól okkar er aðeins einn örsmár neisti í ríki himnanna, innan um þúsundir milljóna annarra sólna og annarra sólhverfa. Meðfylgjandi mynd sýnir örlítinn hluta af vetrarbraut okkar, og á þessum litla bletti kemur í ljós ótölulegur fjöldi lýsandi sólna, því hver birtudepill myndarinnar sýnir eina sérstaka sól, í þessu óendanlega sólnahafi. Og fullvíst má telja að flestum þessum sólum, fylgi fleiri eða færri reikistjörnur, og sumar þeirra byggðar mannkynjum líkt og okkar jörð. Frá einhverju öðru nálægu sólhverfi, mundi himinninn líta út á sama veg, og í sólnahafinu þaðan að sjá, mundi þá ekki bera mikið á einum litlum ljósdepli, sem væri okkar sól.

En þar sem sólin er okkar sól og jörðin er okkar sérstaka heimkynni, þá höfum við lengst af litið á sólhverfi okkar sem talsverðan hluta alheimsins. Eftir því sem könnun geimsins hefur tekið meiri framförum, hafa menn þó komist að þeirri niðurstöðu að svo er ekki. Jörð okkar er einn af ósýnilegum agnarpunktum



*Sólnamor í vetrarbraut okkar.*



geimsins. En ekki þarf hún að vera ómerkari staður, þrátt fyrir það.

Við getum verið þess fullviss, að hingað til jarðar okkar, og til annarra hliðstæðra jarða, hafa máttugar viskuverur í öðrum hlutum þessa sama alheims, beint athygli sinni og áhrifum frá örófi alda og fram á þennan dag. Óaflátanlega hafa þær leitast við að beina lífsþróuninni til rétttrar áttar, frá rangstefnunni, sem hér hefur svo lengi verið ráðandi, til rétttrar stefnu, lífstefnunnar, sem svo áriðandi er að nái hér fram að ganga, ef farsæl framtíð á að geta orðið.

Sambandseðli lífsins í alheimi hefur verið uppgötvað, og byggt þar á náttúrufræðilegum rannsóknum. Hér á Íslandi hefur sú uppgötvun verið gerð, af vitsnillingnum Helga Pjeturss, fyrir nokkrum tugum ára. Íslenska þjóðin hefur enn ekki þegið eða hagnýtt sér uppgötvanir hans. Er því meira en tímabært, að þjóðin vakni til vitundar um stöðu sína meðal þjóða heims, og þess sérstaka köllunarverks, sem henni hefur verið ætlað að inna af hendi í þágu alls mannkyns, en það er, að verða fyrst til að skilja sambandseðli lífsins í alheimi og vinna svo að endurbótum þeirra sambanda við æðri lifendur annars staðar í alheimi, að takast megi að hverfa af helvegi þeim, sem mannkyn jarðar okkar hefur svo lengi gengið.

*Ingvar Agnarsson.*

*(Áður birt í Db. 28. febr. 1977).*



## Í HELNÁND

Aðeins tel ég mig hafa reynt, að ómeginsástandi fylgi ekki ævinlega óvit, enda líka heyrt frá slíku sagt. Þannig las ég einhvern tíma í bernsku minni frásögu manns, sem í slíku ástandi hafði verið kviksettur, og hversu hann þá fylgdist með því, sem gerðist. Þannig heyrði hann í þessu dái sínu, þegar einhver fór að tala um, að af honum væri farin að koma nálykt, og var þá bráðlega farið að kistuleggja hann í þeirri trú viðstaddra, að hann raunverulega væri látinn. Heyrði hann, þegar lokið var neglt á kistuna, og eins líka hvað gerðist, þegar greftrunin fór fram. Ennfremur heyrði hann, þegar litlu síðar var farið að grafa hann upp aftur, líklega vegna efasemda einhverra um áreiðanleik dauða hans, og vaknaði hann þá loks, þegar átti að fara að kryfja hann og hnífi var stungið í brjóst honum.

Þessi frásaga, sem ég veit reyndar ekki hve áreiðanleg er, rifjaðist upp fyrir mér eftir að hafa lesið um „Reynslu manna á milli heims og helju“, sem segir af í Mbl. 25. nóv. 1977, en tekið var þar upp úr þýzka tímaritinu „Der Spiegel“. En hversvegna rifjaði það upp fyrir mér þessa gamallesnu frásögu, sem mjög lengi hafði mér ekki í hug komið? Það sem þar segir frá, virðist þó í fljótu bragði vera allt annað en reynsla hins kviksetta manns. Í stað þess, að skynjun hans, sem aðallega mun hafa verið heyrn, var eingöngu bundin umhverfi hins ómegnuga líkama hans, virðast skynjanir hinna, sem í Mbl. segir frá, hafa farið fram í fjarlægum umhverfum. Þó má þarna, ef að er gætt finna nokkurt samstæði, sem ég eins og óafvitandi hefi skynjað. Hið venjulega mun vera, að í dái fari hvorttveggja saman, ómegni og óvit, enda var þarna í Mbl. tekið fram, að miklu meiri hluti þeirra, sem skilað hafði aftur úr dauðanánd sinni og spurðir voru tíðinda þaðan, hefðu af engu haft að segja, og bendir það til algjörðs óvitsástands þeirra þar. Og er þá ekki ástæða til að ætla, að hjá hinum kviksetta manni og hinum, sem í Mbl. segir frá, hafi verið ekki einungis um samstæði óvenjuleiks að ræða, heldur einnig tilsvarendi ástand? Munurinn þykir mér sem aðeins hafi verið sá, að í stað skynjana ómegnugs frumlífslíkama hins kviksetta manns, hafi það verið af skynjunum ómegnugra eða vangerðra framlífslíkama, sem í Mbl. segir. Eða hví skyldi framlífslíkami, sem aftur var horfið frá til frumlífs, ekki hafa verið van-



gerður, þó að hann í bili næði því að verða að nokkru vitandi og skynjandi?

Sá maður, sem mér þarna í Morgunblaðsupptökunni þótti á fróðlegastan hátt segja frá reynslu sinni á milli heims og helju eða í helnánd, eins og ég orða það hér, var sálfræðingurinn frægi, C. G. Jung, og segir hann þó meðal annars frá því, sem kynni að sýnast ósamkvæmt skilningi mínum varðandi þessi efni. — Mér þykir eðlilegast að ætla, að sjálfur muni dauðinn vera jafn ívits sem ómeginsástand, og styðst það, auk þess sem að var vikið, við samkvæmni ýmsra ummæla, sem ég hefi séð höfð eftir framlíðnu fólki töluðum gegnum miðla. „Áður en ég missti meðvitund“, eða „þegar ég vaknaði“, kemur þar oft fyrir, þegar verið er að segja frá umskiptum frá lífi til dauða eða frá dauða til lífnunar. Flutningurinn frá frumlífsjörð til framlífsjarðar þykir mér sem hljóti að fara fram án vitundar flytjandans og að um skynjanir hans á þeirri leið geti því naumast verið að ræða. En í þessari helnánd sinni segist þó Jung hafa séð jörðina blámahjúpaða í þeirri fjarlægð, að hnattlögum hennar hafi komið í ljós, en þó svo nærri, að hann hafi greint lönd hennar og höf. Þannig segist hann hafa séð Indland og eyna Ceylon, og væri víst ekki auðvelt að benda á neinn jarðarbúa, sem gefið hefði honum þessa sýn fyrir samband. Þótt hugsa mætti sér, að hann hefði á þessari stundu fengið þátt í skynjun einhvers geimfara, eða jafnvel aðeins upprifjan geimfara frá því að hafa séð jörðina á þennan hátt, þá yrði það ekki staðhæft. Hitt verður að sjálfsgöðu ekki heldur staðhæft, að svo hafi ekki getað verið, og þó allra sízt, að lengra kominn íbúi annars hnattar hafi þarna ekki komið til greina. Koma mér þá í hug hinir margumtöluðu fljúgandi furðuhlutir, sem ýmsir telja óhrekjanlegar staðreyndir, en mér þykja hugsanlegar einungis þannig, að þær fyrir einhver ákveðin skilyrði í nánd við jörðina geti flutzt þangað hamförum og efnast. Og hvort væri það þá ekki hið hugsanlegasta, að á slíkum geimförum hamfarakomnum væru einmitt fyrir hendi hin tilvöldustu skilyrði til skyndilíkömnunar slíkrar, sem þarna hefði verið um að ræða? Væri það þá jafnvel ekki meira en hugsanlegt, að góðviljaðir íbúar annars hnattar hefðu þarna reynt að neyta aðstöðu til þess að leiða huga þessa fræga manns út fyrir jörðina meir en hann áður hafði beint?

Að sjálfsgöðu má deila um, hve mikinn stuðning við framlífs-sannanir sé að finna í reynslu þeirri, sem hér er rætt um. Skynj-



anir á sambandsdvala hljóta ævinlega að vera meira og minna á reiki og óljósar, og mun slíkt ekki sízt eiga við um það, sem fólki finnst fara fram á dánarstað þess. Er mikil ástæða til að ætla, að allar sérskynjanir deyjandi fólks beri að rekja til framlífsstaða þess, svo sem andlit framliðinna vina og annað. En hvað sem kann að líða ófullkomleik þeirra reynslufrétta, sem hér ræðir um, þá þótti mér þar margt koma fram samkvæmt líkindum og veruleik. Þannig þótti mér það benda til raunverulegrar reynslu, að jörðin skyldi bera fyrir Jung í bláum hjúpi, eins og staðfest hefir nú verið af geimförum að hún geri, og þeir áður höfðu getið sér til Schwante Arrhenius og Helgi Pjeturss. Mun þetta þó naumast hafa verið talið af þeim fræðimönnum, sem sögðu himinblámann stafa af alltöðru en því, að lofthjúpurinn sé blár. En þar sem þessi skilningur varðandi litleysi lofthjúpsins hefir verið ríkjandi og er líklega enn, þá þykir mér ekki líklegt, að Jung hefði farið að segja þetta, hefði þarna ekki verið um reynslu hans eða sjón að ræða. — Einhverveginn finnst mér, að þrátt fyrir allt hljóti ástúðin að vera innsti kjarni alls lífs, og var í samræmi við það, sem þarna kom fram, að hverjum deyjanda, hvort sem hann var góður eða illur, sé hjálpað til endurlifnunar, og sú hjálp skynjist ævinlega sem aðstreymi óprotlegrar góðvildar. Þótti mér þetta, vegna þess að hafa áður skilist á sama veg, vera stuðningur við raunveruleik frásögunnar. En mikilverðast varðandi þann stuðning þótti mér samt þetta, sem haft var þarna eftir Jung varðandi eina af helnándarreynslum hans: „Það var sem ég hefði fyrir mér allt, sem ég hafði lifað, allt, sem fyrir mig hafði borið“, segir hann. „Ég var gerður úr því, ég var gerður úr sögu minni, og hafði það greinilega á tilfinningunni, að nú var þetta ég.“

Hafi einhver veitt því athygli, sem ég lengi hefi haldið fram, að í rauninni sé hver einn nokkurskonar útgáfa af sögu ættar sinnar allt frá upphafi lífsins á jörðinni, og að í framlífi komi þar til viðbótar æviminningar hans, þá ættu þeir að geta séð, að hér var verið að leitast við að segja hið sama. Þykir mér líklegast, að þessi skynjan Jungs og annara þeirra, sem af samskonar höfðu að segja, hafi skynjast í skyndilíkama, sem hver þeirra hafði þegar tekið á sig í bráðabirgðar framlífsstað, og kynni þá ástand hvers eins að hafa verið eitthvað ástætt ástandi hins kviksetta manns. Skynjun án þess að nokkur raunveruleg líkömun hafi átt sér stað, þykir mér ekki hugsanleg. Án líkama væri hver eins og foss án



vatns. Hinsvegar þykir mér líklegt, að skyndilíkami, sem aftur var horfið frá til frumlífs, hafi verið vanmegna og ófullgerður, þótt hann í bili öðlaðist nokkra getu til skynjana og ályktana. Og eins og ég tók fram hér nærri upphafi, þá þykir mér líklegast, að slíkt heyri til undantekninga, meðan framlífslíkömunin er ekki nokkurnveginn fullgerð orðin. Hitt þykir mér aftur að vera muni ófrávíkjanleg regla eða lögmál, að í framlífi sé hver, auk sinna ómeðvituðu ættarerfða, gerður af æviminningum sínum, og studdiist það þarna af því, auk þess sem haft var eftir Jung, að í rauninni höfðu allir hina sömu sögu að segja. Hjá öllum þeim, sem til frásagnar urðu þarna, átti hún sér stað í helnánd þeirra þessi upprifjan æviminninganna, sem borið hafði þar fyrir þá eins og í leiftri eða á skammri stundu.

*Þorsteinn Jónsson á Úlfsstöðum.*

## ÁVARP

*flutt við þingsetningu fyrirburðafræðinga 6. nóv. 1977.*

Mér hefir verið veittur sá furðulegi heiður, að eiga að segja hér nokkur orð fyrir hönd Íslands og Íslendinga, og vil ég þegar taka það fram, að slíkt hefði ég ekki tekið að mér, án þess að segja þau einnig frá eigin brjósti. Og þetta, sem ég þá fyrst vil segja fyrir eigin hönd og annarra hér, er að bjóða velkomna þá góðu gesti, sem komið hafa hingað til að ræða sín á milli og við Íslendinga um málefni, sem ég lengi hefi talið mikilsverðara, en jafnvel öll málefni önnur. Og hver eru þau þá, þessi málefni, sem hér eiga að verða rædd? Þar er meðal annars spurningin um, hvort lífað muni vera áfram eftir dauðann, og hvernig því lífi muni vera varið, ef það raunverulega ætti sér stað. Má segja, að varðandi þetta hafi enn ekki verið komist að neinni viðurkenndri niðurstöðu, og er þó ekki þar með sagt, að slík niðurstaða sé ófinnanleg. Ég held a. m. k., að slíkt geti naumast verið trú



þeirra, sem hingað hafa gert sér ferð, til að ræða þetta og önnur skyld málefni.

Svo sem öllum mætti vera kunnugt, þá hafði það löngum mikla þýðingu fyrir líf manna og hugsunarhátt, þegar komizt varð að einhverjum nýjum þekkingar- og skilningsniðurstöðum, og mætti þar nefna margt varðandi lækningar og læknisfræði. Og hvað mætti þá ekki segja um afleiðingar þess, að menn loks uppgötvuðu rafmagnið og lærðu að færa sér það í nyt. Munu ekki einmitt fyrirbæri þess hafa áður en það varð, þótt á móta dularfull og ýmislegt það, sem hér mun verða til umræðu? Og hvort ætti það nú einmitt ekki að fara að verða knýjandi ástæðu til að beina rannsóknnum þangað, sem uppspretta trúarbragðanna er, því að þar er það, sem mest hefir verið talað um, um hjálpina og frelsunina? Er ekki einmitt ástæða til að ætla, að ef raunveruleg þekking næði þar fram að ganga, að það yrði mannkyninu framar öllu sem sólarupprás? Mér þykir sem einmitt það mætti loks leiða til þess, að guðsvilji næði fram að ganga, einnig á þessari jörð, þar sem enn er í mörgum greinum svo ranglega lifað og hörmulega. Sannleikurinn er, þrátt fyrir allt það, sem áunnist hefir til framfara, en það hefir að sjálfsögðu allt gerzt fyrir aukning þekkingar og skilnings á hinum ýmsu fyrirbærum náttúrunnar, þá er það glötunarvegur, sem farinn er og með síauknum hraða, og þarf ekki að efa, af hverju slíkt muni stafa. Það stafar af því, að varðandi hin allra þýðingarmestu atriði hafa menn ekki komizt að hinu rétta, eða a. m. k. ekki fært sér í nyt, þótt fram hefði komið. Að þiggja ekki eða hafna framkomnum meginsannindum, er hið allra versta og hættulegasta.

Því skal ekki leyna, að varðandi þetta, sem væntanlega verður hér til umræðu, hefi ég tileinkað mér ákveðnar skoðanir, en sem ég læt ógert að rekja í þessu stutta ávarpi mínu. Hygg ég, að svo muni vera um flesta eða alla hérstadda, því að án skoðana og einhverrar sannfæringar getur naumast verið um áhuga að ræða. En þrátt fyrir það að hafa hér í ýmsum atriðum gert sér ákveðnar skoðanir eða jafnvel trú, þá vænti ég þess, að hver geti fallizt á, að hann viti ekki til fulls eða svo, að ekki verði þar neinu viðbætt. Þykir mér líklegast, að þátttakendur komi hingað nokkurnveginn jafnt til þess að fræðast og fræða, og væri vel, að sannleiksviðleitnin verði sem óblönduðust. Og ekki ætti að þurfa að efast um það, að við hvert spor, sem stigið yrði hér til aukins skilnings á viðfangsetfninu, myndi góðvildin og sættirnar verða ríkari en áður.



Hinn rétti skilningur á hlutum og málefnum ætti framfar öllu öðru að geta gert menn sátta og sammála. Og hvernig öðluðust menn jafnan þann skilning á heimi og lífi, sem ekki er lengur deilt um og ætla verður að sé réttur, svo langt sem það nær? Mennt öðluðust hann jafnan við rannsókn og samanburð við hið áður kunna, við að sjá réttilega, hvað líkt var og samstætt og hvað ekki. Hin fengna eðlis- og náttúrufræði, skilzt mér því, að hljóti hér að verða undirstaðan, og þá einnig og ekki síður meginatriði heimsfræðinnar. Væri einmitt ekki hugsanlegt, að varðandi fyrirburða-fræðina, sem enn er ekki litið á sem náttúrufræði, mætti það verða hið þýðingarmesta til skilnings að hafa jafnan í huga hinn þrotlausa heim stjarna og vetrarbrauta og þau sambönd, sem þar eru ráðandi, þrátt fyrir hinar miklu fjarlægðir?

Ég vil svo endurtaka það að bjóða hina erlendu gesti hingað velkomna, svo sem líka aðra þátttakendur. Óska ég, að hverjum einum takist sem best, ásamt því að bera fram skoðanir sínar og hugmyndir, að skilja og meta það, sem aðrir hafa fram að færa, en það verður, eins og ég vék að, mest undir sannleiksviðleitinni komið. Verði slíkt reynt af hverjum einum, sem ég efast reyndar ekki um að verði gert, þá vænti ég þess, að góður árangur fái st. Myndi slíkt skilja eftir sig góðar minningar um þing þetta, að hver fari héðan nokkru fróðari en hann kom, og myndi því þá fylgja aukin góðvild og heill. Og með þeirri ósk, að svo megi verða, segi ég þing þetta sett.

*Þorsteinn Jónsson á Úlfssstöðum.*



## STUÐNINGUR SJÁLFSTRAUSTI MÍNU

### I.

Í grein, sem ég nefni „Umræðuþátttöku án nærveru“, og ég samdi fyrir nokkrum árum, spái ég því, að horfið muni verða frá þeirri kenningu, sem draumfræðingar byggðu á athugunum sínum á sofandi fólki, að mikill eða meiri hluti svefntímans sé jafnan draumvana. Hafði kona nokkur, Guðrún Emilsdóttir, andmælt þessari kenningu á einhverjum umræðufundi Nýalssinna, sem ég svo frétti af eða las um, og gerðist þannig þátttakandi í eftirá með því að semja grein þessa. Byggði Guðrún andmæli sín á reynslu sinni, og tek ég þarna undir þau hjá henni vegna samskonar reynslu minnar. Hefi ég einmitt reynt það mjög mörgum sinnum, að hafa vaknað frá draumi, — held jafnvel, að ég geri það ævinlega. Og þá hefi ég ekki síður reynt hitt, að mig hafi verið farið að dreyma, jafnvel áður en ég var til fulls sofnaður, og er einmitt þetta mjög ósamkvæmt niðurstöðu hinna ágætu athugara, sem annars leiddu, hvað draumana snerti margt réttilega í ljós. Nú hefir mér borist vitneskja um, að horfið muni vera frá þessari niðurstöðu þeirra, og að spá mín hafi þannig rættzt. Barst mér sú vitneskja í nýútkominni bók *Zeitsprung*, eftir Johannes nokkurn von Buttlar, sem búsettur er nú í Bayern í Þýzkalandi. Er hann lærður í heimspeki og sálarfræði, og hafa þegar komið út eftir hann bækur, sem vakið hafa athygli víða, og ber ein þeirra það skemmtilega heiti, „Schneller als das Licht“, (Hraðar en ljósið). En það sem hann í þessari nýútkomnu bók sinni segir um draumana og svefninn, er meðal annars: „Wir traumen die ganze Nacht, das steht fest, und da her kann der Traum effigtiv nicht von Schlaf getrennt werden“. (Okkur dreymir alla nóttina, það er áreiðanlegt, og liggur þannig ljóst fyrir, að draumur og svefn verða ekki aðskildir).

### II.

Ekki get ég sagt, að ég hafi á hinum hærri stöðum né þá heldur annarsstaðar, hlotið mikla staðfestingu á þeim skilningi mínum á þróun líftegundanna, að hún sé orðin fyrir söfnun ættminninga, sem borist hafi frá kyni til kyns með erfðastofnum kynfrumanna. Þó hefir það nú komið á daginn, sem bent gæti til þannig áunninna eiginleika. Er það sú staðreynd, sem staðfest hefir nú verið með vísindalegum athugunum og tilraunum prófessors James Mc



Connell, að einstaklingar þeirrar lágþróuðu líftegundar, sem hinir svokölluðu flatormar eru, geti ekki einungis fest sér í minni það, sem fram við þá var látið koma, heldur einnig hafi þær minningar getað borist með frumuflutningi frá einum flatormi til annars. Er að þessu vikið í bókinni, sem ég gat um hér að framan, en hafði áður lesið um það á öðrum stað, og þótti mér þetta ákaflega eftirtektarvert. Mér þykir nefnilega sem hér hafi verið uppgötvaður möguleiki, sem neitendur áunninnar þróunar hafi ekki gert ráð fyrir, að væri til. En auk þess skal hér nú geta annars, sem einnig varðandi skylt efni veitir mér aukið traust á skilningi mínum.

Eftir að ég hafði gert mér ljóst það, sem á var vikið, fór hún að vakna hjá mér spurningin um, hversvegna hinir lifandi fjölfrumungar skuli ævinlega hljóta að eldast og deyja, en fullgilda eðlisfræðilega orsök munu menn enn ekki hafa fundið. En þrátt fyrir það fannst mér um leið og spurningin vaknaði, að lausn mundi mér á henni veitast, og vísa ég varðandi þá lausn til síðasta kaflans í „Tunglgeislum“ mínum. Það sem ég hér ætla aðeins að geta, er sú niðurstaða mín, sem þar kemur fram, að langlífi mannsins framyfir önnur dýr jarðarinnar stafi að öðru jöfnu af hinum mikla aðlögunarhæfileika hans. En frá því sá ég fyrir nokkru sagt í blaði einu (Heimilistímanum), að frægur, rússneskur hrörnunarfræðingur, prófessor Vladímir Frolkis, hafi komist að hinu sama.

*Þorsteinn Jónsson á Úlfstöðum.*



# Ljóð

## FRAMNÝALL

Framnýall opnar  
furðuheima.  
Bruna billjónir  
byggðra hnatta.  
Eilíft líf  
endurspeglast.  
Leiftra logar  
í línu hverri.

Víðlesinn  
vísindamaður  
ber blys  
um byggð alla.  
Hugumstór  
hnatta milli  
sveiflar sér  
sólelskur.

## VETRARNÓTT

Vökula vetrarnótt,  
voldug og fögur.  
Litaudug ljósa gnótt  
ljómar um ögur.  
Brosir og blundar rótt  
blikandi lögur.

Blásala byggðin merk,  
blik þín ei dvína,  
laugarðu litasterk  
ljósblæju þína.  
Almættis undraverk  
alls staðar skína.

## DÝRÐ

Himnaríki opnast oss  
senda jörðu kærleikskoss  
ættíð þegar kveldar,  
kynnigisólna eldar.

*Hallgrímur Jónsson.*



# Draumar

## Draumur um tvo bræður

### I.

Mig dreymdi að ég ætti tvo bræður, báða fullorðna. Þótti mér annar vera yngri og nokkuð þver í lund og jafnvel óknyttasamur, en sá eldri dálítið undirfórull og gjarn á að koma sínum eigin yfirsjónum yfir á aðra.

Nú þótti mér sá yngri hafa gert af sér slæma óknytti, sem ég man þó ekki hverjir voru. Tók ég til að skamma hann fyrir þetta ég var dálítið reiður, en hann var hortugur og sagði að ég ætti ekki betra skilið. En nú blandaði eldri bróðirinn sér í málið. Sagði hann að sá yngri væri verstí þrjótur, sem alltaf væri að gera illt af sér og ráðlagði hann mér, að ég skyldi refsa honum rækilega.

En þá rann það upp fyrir mér, að líklega væri yngri bróðirinn saklaus og að þetta væru verk eldra bróðurins og hefði honum nú tekist að koma sökinni yfir á yngri bróðurinn.

Þegar þetta rann nú upp fyrir mér fylltist ég mikilli reiði í garð eldra bróðurins. Sagði ég að þetta væri allt honum að kenna en ekki þeim yngri. Réðist ég svo tafarlaust á þennan undirfórula, eldra bróður og tók að berja hann miskunnarlaust með hnefunum, í andlitið og hvar sem var. Og það voru þung högg, sem ég veitti honum. Hann sagði ekkert og varði sig lítt en smályppaðist niður. Eftir mikla barsmið hætti ég loks og settist út í horn í herberginu. Var ég hryggur í huga og leiður yfir því, sem gerst hafði. Grúfði ég andlitið í höndum mér og fór að gráta. Og er ég hafði litla stund setið, þótti mér yngri bróðir minn koma til mín. Hann lagði höndina á öxl mína og mér þótti mikilli hlýju stafa frá honum og þakklæti fyrir, að hafa veitt eldri bróðurnum verðskuldaða ráðningu. Mér þótti nú, sem aldrei hefði ég skilið þennan yngra bróður rétt eða metið hann að verðleikum fyrr en nú. Ég skildi að hin hrjúfa framkoma, sem hann jafnan sýndi mundi



verið hafa einskonar varnarskel, en að innst inni væri hann mikill mannkostamaður.

Ég vaknaði svo upp frá þessum hugleiðingum.

*Dreymt 19/5 1976.*

## II.

Ekki virðist nú þessi draumur við fyrstu sýn vera neitt merkilegur. En ef nánar er að gáð, og hafður í huga hinn nýalski skilningur á draumum, kemur þó í ljós, að sitthvað í draumi þessum er athyglisvert. Er þá fyrst að geta þess, að augljóslega er draumurinn til orðinn fyrir fjarsamband við einhvern annan mann, sem sennilega á sér tvo bræður, en ég á aðeins einn bróður. Og reynsla þessa draumgjafa míns meðan á draumsambandinu stendur, er allt önnur, en ég hef í vöku reynt.

Draumreynsla er aldrei fram komin fyrir eigin minningar dreymandans einar saman, heldur er þar ævinlega um vökureynslu annars manns að ræða, reynslu sem gerist á sömu stundu og draumur hins sofandi manns.

*Ingvar Agnarsson,*

*(dreymt 19. maí 1976).*

## „En Þaðreimar leysa vandann“. Draumur.

### I.

Mig dreymdi, að ég var staddur, þar sem margt var fólk. Óskýr var draumurinn og dimmt og drungalegt. Mikið var talað, og þótti mér vera reynt að finna ráð, til að leysa einhver vandamál, En menn voru háværir og ósammála.

Loks sagði einhver hátt og skýrt: „*En Þaðreimar leysa vandann*“, og þótti mér vera fallist á þessa tillögu hans. Ég vaknaði í þessu og mundi glöggt þessi orð.

### II.

En orðið *þaðreimar* þótti mér undarlegt, því ekki kannaðist ég við að hafa heyrt það áður. Hugði ég helst, að þetta væri einhver vitleysa. Og ekki fylgdi því neinn skilningur í draumnum, hvað það táknaði.



En nokkrum vikum síðar, er ég var að lesa í ljóðum Gríms Thomsens, verður fyrir mér þessi ljóðlína:

*„Paðreims leikum lítt vér sinnum“*

er hann lýsir því hversu Væringja fýsir aftur að halda heim til Norðurlanda. Og á öðrum stað í ljóðum hans stendur:

*„Pútur tvær á Paðreims dansa fjölum“.*

Orðið *paðreimur* á sér annars nokkuð merkilega sögu, hvernig það hefur komist inn í okkar mál. Það er komið af gríska orðinu „hippodromos“ af „hippo“ = hestur, og „dromos“ = svið eða svæði, og merkir því reiðsvið, þar sem kappreiðar fóru fram. En hjá okkur hefur orðið „paðreimur“ verið notað um hverskonar útileiksvæði, eins og þau tíðkuðust bæði hjá Grikkjum og Rómverjum og víðar. (Úr orðinu „hippodromos“, er það aðeins „podromos“ sem hefur tillíkt íslenskunni og orðið „paðreimar“). Leikir fyrir fólkið á leiksviðum eða „paðreimum“ hafa stundum verið notaðir hér á jörðu til að leiða huga alþýðu frá hinum raunverulegu vandamálum, sem við hafa blasað á ýmsum tímum. Hafa forystumenn fólksins stundum beitt þessum ráðum, til að hafa frið fyrir afskiptasemi þess.

Í áður nefndum draumi mínum, segir draumgjafi minn: „Paðreimar leysa vandann“ og mætti láta sér til hugar koma, að þar hefði verið fundið ráð til að halda alþýðu manna í skefjum, með því að efna til leika á leiksviði („Paðreimsleika“).

Í einskonar framhaldi af draumi þeim, er að framan var sagður, dreymdi mig nokkru síðar annan draum, er ég læt hér fylgja.

*Ingvar Agnarsson*

*(dreymt 10/10 1976).*



## Grimmdarleg athöfn — Fuglar brenndir.

### Draumur

#### I.

Mig dreymdi, að ég var þátttakandi í einskonar skrudgöngu, og alls munu hafa verið í þessum hóp um tíu manns.

Tveir menn báru á milli sín fjöl, um tveggja metra langa. Á henni sátu um fimm fuglar sem mjög líktust fullvöxnum hænum og beindist athygli mín mjög að þeim. Þær stóðu þversum á fjölinni og sneru allar höfðinu í sömu átt. Allar voru þær hvítar. Þær sátu þarna alveg hreyfingarlausar með lokuð augu og ég hugleiddi með sjálfum mér hvort þær væru dauðar eða lifandi. Ég bar þetta undir konu, sem gekk við hlið mér, og svaraði hún því til, að líklega væru þær dauðar. Ekki fannst mér ég neitt vita um tilganginn með þessari göngu, eða hversvegna hæurnar voru hafðar með í förinni.

Loks komum við að húsi og gengum þar inn. Fjölin með hænunum var lögð á borð eða bekk. Tóku nú einhverjir sig til og fóru að búa um hæurnar með sérstökum hætti. Fyrst var eitthvert efni látið allt í kringum þær á fjölinna, svo að fyllti upp á síður þeirra. Síðan var skrautlegum marglitum og hálf-gagnsæjum borðum vafið um þær, hverja um sig, svo að vart sást í þær. Allir viðstaddir horfðu á þetta þöglir og hátíðlegir, að mér þótti. Ekki þóttist ég vita í hvaða tilgangi allt þetta væri gert. Þegar nú skreytingu fuglanna hafði verið lokið, stóðu allir um stund og horfðu á þá. Nú gekk einn maður úr hópnum til fuglanna og kveikti í einum þeirra og bjóst til að gera þeim öllum sömu skil. Um leið var eins og líf færðist í fuglana. Þeir opnuðu augun, teygðu hálsana og fóru að garga. Mér brá illa, er ég sá, að þeir voru lifandi og skildi, hvað gera átti við þá. Ég varð æfur af reiði og vandlætingu. Ég hljóp að fuglunum og vildi bjarga þeim, en sá þegar að það var um seinan. Logarnir stóðu í loft upp, og argið í fuglunum gekk mér til hjarta. Ég fór að skamma fólkið með miklum hávaða fyrir þennan niðingshátt, að brenna fuglana lifandi. En enginn virtist sama sinnis og ég. Og ég fann að þeim þótti ég eitthvað skrýtinn, að láta svona og urðu óánægðir við mig yfir þeirri truflun, sem ég gerði þeim við þessa athöfn. Hér endar draumurinn.



## II.

Tilgangur þessara grimmdarlegu athafnar kemst ekki inn í vitund mína. Það er líkast því, sem draumgjafi minn hafi verið þarna eins og utanveltu, að vita ekki hvað til stóð. Ef til vill hefur hann verið þarna aðkomumaður, sem leyft hefur verið að taka þátt í þessari athöfn, en hún gæti minnt á ýmsar trúarlegar athafnir, sem oft hafa farið fram hér á jörð, og þar sem mikilli grimmd hefur verið beitt, bæði við menn og málleysingja.

Á meðan verið er á trúarstigi, er ávallt um misskilning að ræða á tilgangi lífs og lífsambanda við æðri verur annarsstaðar í alheimi, og vegna þessa misskilda sambands snúast trúarathafnir manna stundum til grimmdar, svo sem oft hefur átt sér stað.

*Ingvar Agnarsson*

*(Dreymt 4. september 1976).*

---

## TIL LESENDA LÍFGEISLA

Ég vil enn bera fram þær óskir til lesenda *Lífgeisla*, að þeir leggi sitt af mörkum, til þess að ritið geti orðið sem best úr garði gert, hvað efni snertir. Margir eru þeir, sem búa yfir ýmsu, sem frásagnar er vert. Það geta verið draumar, fyrirbæri ýmiskonar o. fl.

Ég óska því eftir, að þið sendið *Lífgeislum* eitt og annað efni, sem birta mætti. Því meiri fjölbreytni yrði þá í efnisvali.

*Ritstj.*

---

## ÚR BRÉFI FRÁ DICKINSON

(21. sept. 1977).

Á vetrarnóttum, þegar stjörnurnar blika á himinfestingunni, þá fer ég oft einn út að ganga. Og þá fer það svo oft, að ég finn til hinnar miklu smæðar reikistjörnnunnar okkar í alheiminum.

*D. G. Dickinson,*

*Ivy House, Ousley, Penrith,*

*Cumbria, CA 10 10 A, England.*



## Sambandsfundir

### Miðilsfundur 20. nóvember 1973. Brot

*Friður* (Sveini): Friður, Friður, komið sæl. Ykkur hef ég sent hugsanir áður og orku. Þegar ég nú er að segja ykkur þessi orð, þykir mér eins og nokkur hæfileiki sé, til að veita slíkum áhrifum viðtöku, eða sé að glæðast, þar sem þið eruð. Oft getur hæfileiki skyndilega tekið framförum. Í sögu mannkyns ykkar hafa skipst á góð og ill tímabil og þannig þó, að sífellt hafa vaxið þjáningar og hörmungar, þótt birt hafi upp á milli. Helstefnumannkynið, sem byggir jörð ykkar, er samt ekki alveg glatað, meðan enn birtir upp á milli. Nú þarf að breyta um, svo að ekki dimmi aftur. Yfir jörðinni eru áhrif, mjög sterk, sem beinast að sérstökum stöðum, öðrum fremur. Á Íslandi og yfir því er orkusvæði aðsends krafts vaxandi.

*Björnstjerne Björnsson*, skáld: Komið nú sæl og blessuð hér. Björnstjerne Björnsson er ég. Þið kunnid að hugsa, hvort ekki hafi ég skáldskapargáfu ennþá! Þetta er svo, að skáldgáfan er söm og var og jafnvel mun meiri. Minningin um jörðina er í huga mér skýr. Getan til að muna það, er máli skiptir, er æfinlega fyrir hendi. Mér finnst, eins og ég hafi aldrei verið eins öflugur og nú. Átt hef ég þess kost, að kynnast vísindamanninum Helga Pjeturss og fræðast af honum og þykir mér hann sem vísindamaður framúrskarandi hæfileikamaður og göfugmenni mikið. Eigi þarf ég að rökstyðja það mál sérstaklega. Þið munuð hafa skilning á vísindauppgötvunum hans og frumlegum hugsunum og niðurstöðum þeim, er hann komst að á jörð ykkar og þið hafið séð rétt, til undirstöðu starfsemi ykkar. Þá hef ég nýlega verið að velta fyrir mér, hversu þessu mætti vera hægt að ryðja braut á Norðurlöndum og í Noregi ekki síst, þar sem frændur Íslendinga eru margfalt fleiri en Íslendingar eru og væri vel, af þar væri tekið undir. Íslendingar vísuðu veginn og fengu þar stuðning, svo að um munaði. Mundu Norðmenn og Íslendingar veita þessu máli hvatningu um alla jörð, þeim hugsunum, er sameinað gætu



þjóðir. Frá Íslandi kæmi sú forusta hugsunar, er mannkyn okkar skortir svo mjög. Ekki þýðir mér að segja nú um þetta, hvernig ég hugsa mér þetta. Mun það taka of langan tíma.

*Ingvar Agnarsson,  
ritaði jafnóðum og talaðist.*

## **Miðilsfundur 20. desember 1971**

Miðlar: Sigurður Ólafsson og Sveinn Haraldsson.

*Matthías Einarsson* (Sveini): Við vonum að ykkur lærist að senda eins sterkar hugsanir og unnt er, svo við getum komið orku til sjúklinga ykkar. Mjög mikinn fróðleik gætuð þið fengið, ef þið gætuð þroskast svo að þið fengjuð skyggni. Reynt mun verða að magna fundi ykkar svo, að þetta megi takast. Þessu hefur þokað í áttina og afl ykkar hefur vaxið og getum við e. t. v. sagt að við séum full bráðlát. Þetta þarf sinn tíma. Orka ykkar mun fara sívaxandi. Ég get með aðstoð vina minna hér skynjað allgreinilega til hnattar ykkar, en mikið vantar á að hægt sé að fylgjast með að öllu leiti. Reynið að hugsa mjög eindregið til vina ykkar, sem þið hafið nefnt. Við reynum að verða þeim og ykkur öllum að liði.

*Lofn* (Sigurði): Sæl, vinir. Lofn talar. Nú magna ég ykkur og mun mér takast að senda ykkur orku mína. Við erum hér mörg saman og gerum tilraun að senda orku til stöðvar ykkar og vonumst eftir, að þið megið finna þá orku, er við sendum ykkur.

*Lofn* (Sveini): Ég held þó, að það sé ekki aðalatriði, heldur að samstilling sé sem skyldi. Ég held að nú sé nokkuð góð samstilling og höfum við mikinn hug á, að þið samstillist ístöð ykkar. Væri slíkt nauðsynlegt. Það gæti nú talist nokkur árangur, ef Æsir gætu talað. Það finnst okkur svo, sem talsverður árangur sé, er slíkt á sér stað. Hér tala Æsir og Ásynjur frá fjarlægum hnetti. Mikið er reynt að tala við ykkur, vetrarbrauta á milli. Furðulegt mjög, að slíkt samband skuli eiga sér stað milli vetrarbrauta. Er þetta þó ekki neitt óskiljanlegt í þessum samlöndum lífsins. Þar er fjarlægð engin hindrun. Það á sér stað í öllum alheimi, slíkt samband, í ríkum mæli, þegar rétt stefnir og skilningur er fyrir hendi. Mun það nú vera furðulegt, að slíkt geti



átt sér stað, í flestra augum. Að gera sér grein fyrir slíkum samböndum, finnst flestum ykkar samstirningum óskiljanlegt. Það vilja margir ná sambandi við íbúa annara hnatta, þótt eigi hafi þeir gert sér ljóst, hvernig slíkt má takast. Nokkur bending um, hvert stefnt verður til, er skilningur á þessu, og aukin viðleitni á, að koma sambandsmálum í fullkomnara horf. Hugir margra virðast beinast í þessa átt í ýmsum löndum. Merkillegt, að skuli þó slíkt vera að skapast æ meir, þar sem hefur vantað svo mjög slíka hugsun. Óskandi að slíkt yrði sem víðast.

### **Miðilsfundur 3. desember 1977**

Ég var á sambandsfundi að Álfrólsvégi 121 í Kópavogi. Við vorum fjögur sem sátum þennan fund. Sveinn Haraldsson var miðill. Helgi Pjeturss opnaði sambandið. Dungal kom. Maðurinn minn kom næstur á eftir honum. Hann sagðist ætla að segja mér frá sýn, sem hann sæi nú. Hann sagðist vera úti undir berum himni og hann sagði, að fegurðin væri undraverð þarna og að hann sæi framundan sér inn í svo dásamlega fagran dal, og frá öðru sólhverfi væru að koma í heimsókn svo lýsandi fagarar verur, að allt yrði eins og geislandi og að allt yrði svo fallett. Og svo væri söngur fuglanna svo skemmtilegur. Hann sagðist endilega vilja láta mig vita þetta. Og ég mátti til með að festa þetta á blað.

*Aðalbjörg Bjarnadóttir.*

*(Á miðilsfundi 3. desember 1977).*

### **Miðilsfundur 21. janúar 1978**

#### **I. FRÁSÖGN.**

Ég var á sambandsfundi að Álfrólsvégi 121 í Kópavogi, og vorum við fjögur sem sátum fundinn.

Sveinn Haraldsson var miðillinn. Helgi Pjeturss opnaði sambandið. Dungal kom eins og venjulega. Þegar hann var búinn að tala nokkur orð, kom maðurinn minn í sambandið og sagðist



hann langa til að segja mér, hvað fyrir sig bæri núna. Hann sagði að hann stæði uppi á háum steini og tveir menn sinn hvorum megin við sig. Það var verið að sýna honum til fjarlægs hnattar með geislandi fögrum verum. Þetta fólk var af norrænum stofni, fornmenn og fleiri. Hann sagði, að Leifur heppni stæði við hönd sér öðrum megin, en bróðir sinn hinum megin. Orkustreymið frá þessum öflugum hnetti beindist að þeim, þar sem þeir voru staddir. Hann sagðist vilja að ég gæti tekið þátt í þessu með sér. Hann kvaðst vera ánægður yfir að geta sagt mér þetta, og að hann ætlaði að segja mér meira seinna.

*Aðalbjörg Bjarnadóttir.*

*(Á miðilsfundi 21. janúar 1978).*

## II. SÝN MÍN Á FUNDINUM.

Ég sá á þessum sama fundi mjög fallett hús, það var brúnleitt á litinn, eins og einhver jarðefni væru í því, og svo var að sjá, sem einhver mjúk og fín áferð væri á því. Það voru litlir gluggar á því. Ég sá aðra hliðina og annan gaflinn á húsinu. Það geislaði svo mikið út frá gluggunum. Það var afar skemmtilegt að sjá hvernig geislarnir brotnuðu og birtan varð geysi mikil. Ég sá margt fólk. Það sat í mörgum bekkjaröðum, karlar og konur. Þetta var mjög skemmtileg sýn.

Sókrates var í sambandinu, þegar ég sá þetta.

Svo kom maður stór og fallegur með mjög fallega snyrt vanga og hökuskegg. Hann var stór og spengilegur, beinvaxinn, og með geislandi fögur augu. Hann var með hatt á höfði, í rauðleitum lit, bardalítinn, en fór honum vel. Hann var í frakka, aðsniðnum. Ég sá hann alveg niður á tær, en umhverfi sá ég ekki í kringum hann, en allt var það ákaflega bjart. Þetta var mjög skýrt, en stóð alltof stutt. Þetta er ófullkomið, en sýn er það engu síður fyrir því. Mér leið mjög vel og fann fyrir mikilli orku.

Sókrates var í sambandinu, þegar ég sá þetta.

*Aðalbjörg Bjarnadóttir.*





Útgefandi: FÉLAG NÝALSSINNA

Álfhólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765. Pósthólf 1159, Reykjavík.

Ritstjóri: INGVAR AGNARSSON

---

## EFNISYFIRLIT

### ERINDI OG GREINAR:

Krabbapokan í Nautsmerki (Sjá forsíðumynd). I. A.	Bls. 146
Sum geðveiki er sambandsveiki. Þ. Á. ....	— 147
Lífgeislasamband. P. K. E. ....	— 155
Huldukonurnar. I. A. ....	— 156
Sýn. Þorb. Jónss. ....	— 159
Geimskip okkar — jörðin. I. A. ....	— 160
Í helnánd. Þ. J. ....	— 162
Ávarp. — við þingsetningu fyrirburðafraeðinga. Þ. J.	— 165
Stuðningur sjálfstrausti mínu. Þ. J. ....	— 168

### LJÓÐ:

Framnýall. — Vetrarnótt. — Dýrð. H. J. ....	— 170
---	-------

### DRAUMAR:

Draumur um tvo bræður. I. A. ....	— 171
„En þaðreimar leysa vandann“. I. A. ....	— 172
Grimmdarleg athöfn — Fuglar brenndir. — Draumur. I. A. ....	— 174

### SAMBANDSFUNDIR:

Miðilsfundur 20. nóvember 1973. Brot ....	— 176
Friður. — Björnstjerne Björnsson.	
Miðilsfundur 20. desember 1971 ....	— 177
Matth. Ein. — Lofn. — Ullur. — Freyja. — Baldur. Hrafnkell Freysgoði.	
Miðilsfundur 3. desember 1977. Frásögn A. B. ....	— 178
Miðilsfundur 21. janúar 1978 ....	— 178
I. Frásögn. — II. Sýn mín á fundinum. A. B.	

Til lesenda Lífgeisla ....	— 175
----------------------------	-------

Úr bréfi frá Dickinson ....	— 175
-----------------------------	-------